



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 21.02.2017

KÁ

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frv. til laga um breytingar á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Jafnréttisstofa er eindregið fylgjandi efni þessa frumvarps og færir fyrir því eftirfarandi rök.

Til skamms tíma hefur frjösemisslutfall verið hátt á Íslandi (yfir 2.0), miðað við flest Evrópulönd, eins og reyndar á hinum Norðurlöndunum. Ástæðurnar eru eflaust margar en félagslegur stuðningur við fjölskyldur, svo sem fæðingarorlof, leikskólar, samfelldur skóladagur í grunnskólum, stuðningur við einstæðar mæður o.fl. hefur þar skipt miklu máli. Uppbygging félagslega kerfisins gekk ekki þrautalaust heldur kostaði mikla og langa baráttu.

Árið 2009 og 2010 var frjösemisslutfallið 2.2 en síðan tók áhrifa hrunsins að gæta og fór barnsfæðingum jafnt og þétt fækkandi. Árið 2014 var frjösemisslutfallið komið niður í 1.9 og árið 2015 í 1.8. Þetta þýðir að þjóðin fjölgar sér ekki lengur, til lengri tíma litið, heldur má búast við fækkun nema að innflutningur fólks komi þar á móti. Þessi fækkun fæðinga er áhyggjuefni fyrir samfélag okkar ekki síst þegar hugað er að því að mjög stórir árgangar (baby boom kynslóðin) er komin eða að komast á eftirlaun og sífellt fleiri ná æ hærri aldri. Það verður því vaxandi þörf fyrir umönnun eldri kynslóðarinnar. Hvaðan á það vinnuafli að koma sem og til annarra starfa í þjóðfélaginu ef yngra fólkinu fækkar?

Það er ekki nokkur vafi að niðurskurðurinn í fæðingarorlofskerfinu eftir hrun hafði mjög slæm áhrif, m.a. þau að fólk fækkaði eða hætti við barneignir. Það sýna tölurnar yfir frjösemi skýrt og skorinort. Þakið var orðið svo lágt að það kom verulega niður á fjárhag foreldra og leiddi til þess að feður stytta orlof sitt verulega. Því miður er það ennþá þannig að karlmenn hafa almennt hærri laun en konur og því munaði meira um þeirra laun í fæðingarorlofinu. Nú hefur þakið verið hækkað og verður fróðlegt að sjá hvaða áhrif það hefur.

Annað vandamál sem fjölskyldur ungra barna glíma við er hve fæðingarorlofið er stutt. Því lýkur oftast við 18 mánaða aldur barns en leikskólar taka víðast hvar ekki



Jafnréttisstofa

við börnum fyrr en þau eru 24 mánaða. Það er þó að breytast, m.a. vegna þess hve börnum á leikskólaaldri hefur fækkað. Það er svo aftur önnur spurning hvað er best fyrir börnin en oft eru aðstæður þannig að foreldrar verða að snúa aftur til vinnu sinnar og verða að fá pössun fyrir sín litlu börn.

Frá árinu 2003 þegar fæðingarorlofið var orðið níu mánuðir hafa miklar rannsóknir verið gerðar á áhrifum þess á fjölskyldur og samfélagið. Ber þar einkum að nefna rannsóknir þeirra dr. Guðnýjar Eydal og dr. Ingólfs V. Gíslasonar. Niðurstöðurnar sýna ótvírætt jákvæð áhrif fæðingarorlofsins á sambönd/hjónabönd, tengsl barna og forelda, aukin tengsl feðra sérstaklega, jafnari verkaskipting á heimilum, minni áhættuhegðun karla o.fl. Auk þess má nefna alþjóðlega rannsókn á skólabörnum 11,13 og 15 ára sem birt var árið 2016. Hún sýndi sterkari tengsl íslenskra barna við föður en í nokkru öðru þátttökulandi. Dr. Ársæll Arnarsson sem stýrði könnuninni hér á landi var ekki í nokkrum vafa um að skýringuna væri að finna í fæðingarorlofi feðra. Ávinningurinn af fæðingarorlofinu, sérstaklega orlofi feðra, er því mikill og hann þarf að byggja upp aftur.

Eins og fram kemur í greinargerð frv. samþykkti Alþingi lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði samkvæmt kerfinu 5-5-2 árið 2012 og áttu þau að ganga í gildi 2013. Samþykktin var tekin til baka og er lengingu fæðingarorlofs ekki að finna í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar. Að mati Jafnréttisstofu væri lengra fæðingarorlof mikil lífsgæðabót fyrir mæður, feður og ungabörn. Það myndi draga úr streitu og álagi á fjölskyldur, byggja aftur upp sterkara samband barna og foreldra og gera það vænlegra að bæta við barni eða eignast sitt fyrsta barn.

Það er skylda samfélagsins að búa sem allra best að börnum og foreldrum ungra barna. Það er atvinnulifinu í hag að vinnuaflið haldist stöðugt með jafnri fjölgun barna sem með tíð og tíma bætast við mannauðinn og munu taka við fjölbreyttum störfum. Það eru meiri hagsmunir að búa vel að ungum börnum, minni hvað það kostar. Því leggur Jafnréttisstofa til að frv. verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Kristín Ástgeirsdóttir

framkvæmdastýra



Jafnréttisstofa

Fylgiskjal: Lifandi fædd börn á ævi hverrar konu (www.hagstofa.is).

Lifandi fædd börn á ævi hverrar konu

